

Mánudaginn 10. nóvember 1997.

Nr. 442/1997.

Örn Hólm

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Óskari Ingiberssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Greiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með kæru 23. júlí 1997, en það var fellt niður með dómi réttarins 1. september sama árs. Sóknaraðili skaut þá málinu að nýju til Hæstaréttar með kæru sama dag, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. október 1997, en sóknaraðila var veitt leyfi til kærunnar 9. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 16. júní 1997, þar sem fellt var úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Keflavík gerði 12. febrúar 1997 hjá varnaraðila samkvæmt kröfu sóknaraðila, en sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um úrskurðinn fyrr en 10. júlí 1997. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Með dómi Hæstaréttar 14. nóvember 1996 var varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðila vangreidd laun og kaup í uppsagnarfresti, að fjárhæð alls 353.586 krónur, með dráttarvöxtum af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 14. september 1993 til greiðsludags auk samtals 150.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Samkvæmt útreikningi lögmanns sóknaraðila 9. desember 1996 nam krafa samkvæmt dómi þessum þá samtals 702.567 krónum. Varnaraðili kveðst hafa greitt lögmanninum 11. desember 1996 alls 538.618 krónur og gert þannig kröfuna upp að fullu, því að varnaraðili hafi þá haldið eftir af heildarfjárhæð hennar fé, sem mismuninum svari,

til að standa skil á staðgreiðslu skatta sóknaraðila, iðgjaldahluta hans til lífeyrissjóðs og félagsgjöldum til stéttarfélags. Sóknaraðili vildi ekki una þessum frádrætti og krafðist því fjárnáms fyrir eftirstöðvum kröfunnar, sem hann kvað vera 170.255 krónur, í beiðni um gerðina 16. janúar 1997. Sýslumaðurinn í Keflavík tók beiðni um fjárnámið fyrir 12. febrúar 1997, og mótmælti þá varnaraðili, að gerðin næði fram að ganga, þar sem krafa sóknaraðila væri að fullu greidd með framangreindum hætti. Sýslumaður ákvað að taka ekki til greina mótmælin og gerði fjárnám að kröfu sóknaraðila í tiltekinni fasteign varnaraðila. Í málinu er deilt um lögmæti þessa fjárnáms, en málsaðilar eru sammála um útreikning á kröfu sóknaraðila og þeirri fjárhæð, sem varnaraðili hélt eftir samkvæmt áður-sögðu vegna skatta, lífeyrissjóðsiðgjalda og félagsgjalda.

Með fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 14. nóvember 1996 var varnaraðila gert skylt án nokkurra fyrirvara að greiða sóknaraðila tiltekna skuld með ákveðnum vöxtum og tilgreinda fjárhæð í málskostnað. Vel má vera, að varnaraðila hefði verið rétt eða skylt að halda eftir fé til greiðslu skatta, lífeyrissjóðsiðgjalda og félagsgjalda, ef hann hefði staðið sóknaraðila réttilega skil á skuldinni, án þess að dómur félli um hana. Að gengnum umræddum dómi breytir þetta því hins vegar í engu, að varnaraðili gat ekki losnað undan skyldu samkvæmt dómsorðinu með greiðslu til annars en sóknaraðila, nema til kæmi samþykki hans, aðilaskipti að kröfunni eða viðtökudráttur. Ekki er um að ræða nein slík atvik í þessu máli, en til þess er einnig að líta, að þeir, sem hafa með höndum innheimtu fyrrnefndra skatta og gjalda, gætu ekki við aðstæður sem þessar réttilega borið því við, að varnaraðili ábyrgðist greiðslur til þeirra, eða krafð hann um að halda eftir fé fyrir greiðslunum af kröfu sóknaraðila.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á, að varnaraðili hafi með lögmætum hætti greitt kröfu sóknaraðila samkvæmt umræddum dómi. Verður hin umdeilda fjárnámsgerð því staðfest.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Staðfest er fjárnám sýslumannsins í Keflavík 12. febrúar 1997 hjá varnaraðila, Óskari Ingiberssyni, fyrir kröfu sóknaraðila, Arnar Hólm.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 16. júní 1997.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. maí 1997, var höfðað fyrir dómnum 9. apríl 1997.

Sóknaraðili, Óskar Ingibersson útgerðarmaður, kt. 010723-4939, Njarðargötu 7, Keflavík, gerir þær dómkröfur, að fjárnámssgerð sýslumannsins í Keflavík, nr. 34/1997/00055, sem fram fór hjá honum 12. febrúar sl. að kröfu varnaraðila, Arnar Hólm sjómanns, Sunnubraut 21, Garði, verði ógilt með úrskurði dómsins, en fjárnám var þá gert í eignarhluta gerðarþola, sóknaraðila í máli þessu, í fasteigninni Njarðargötu 7, Keflavík, fyrir kröfu, að fjárhæð 265.812 kr. Mætt var af hálfu gerðarþola við gerðina og framgangi hennar mótmælt. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila.

Dómkröfur varnaraðila, Arnar Hólm, kt. 220163-7849, eru þær, að kröfum sóknaraðila um ógildingu umræddrar aðfarargerðar verði hafnað og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila.

Ekki er tölulegur ágreiningur um fjárhæðir í máli þessu.

II.

Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 14. nóvember 1996, var sóknaraðili í máli þessu, Óskar Ingibersson, dæmdur til þess að greiða varnaraðila, Erni Hólm, 353.586 kr. auk vaxta og málskostnaðar. Hinn 12. febrúar 1997 gerði dómhafi, varnaraðili í máli þessu, fjárnám hjá dómþola, sóknaraðila, fyrir 170.255 kr. Krafan, sem fjárnámið var gert til tryggingar, er þannig sundurliðuð:

Höfuðstóll	kr. 350.425
Dráttarvextir til 16/01/1997	– 167.017
Málskostnaður	– 150.000
Endurrit dóms/sáttar	– 400
Fjárnámsbeiðni	– 2.900
Vextir af kostnaði	– 671
Virðisaukaskattur	– 37.460

Samtals heildarfjárhæð dómskuldar skv. dómi Hæstaréttar	kr.	708.873
Innborgun		<u>-538.618</u>
		<u>-538.618</u>
Samtals fjárnámskrafa	kr.	<u>170.255</u>

Mótmæli gerðarþola við fjárnáminu, sem eru jafnframt höfuðmálsástæður hans sem sóknaraðila í máli þessu til stuðnings kröfu hans um ógildingu fjárnámsins, byggjast á því, að hann hafi, áður en fjárnámið fór fram, verið búinn að greiða dómskuldina samkvæmt hæstaréttardóminum að fullu, þannig:

1. Með greiðslu skatta gerðarbeiðanda	kr.	146.431
2. Með greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjaldi gerðarbeiðanda til lífeyrissjóðs hans	-	14.017
3. Með greiðslu stéttarfélagsgjalds gerðarbeiðanda	-	3.505
4. Óskýrður mismunur, sem ekki veldur ágreiningi	-	<u>6.302</u>
Samtals hin umdeilda fjárhæð		kr. 170.255
5. Með peningagreiðslu til gerðarbeiðanda	<u>kr.</u>	<u>538.618</u>
	<u>kr.</u>	<u>538.618</u>
		538.618
Samtals heildarfjárhæð dómskuldar skv. dómi Hæstaréttar	kr.	708.873

Varnaraðili, gerðarbeiðandi, var stýrimaður og skipstjóri á skipi gerðarþola, Albert Ólafssyni, HF-39. Um kaupkröfumál var að ræða. Ekki er ágreiningur um, að þar sem gerðarþoli var dæmdur til að greiða launþega sínum, gerðarbeiðanda, vangoldin laun, voru ofangreindir skattar, lífeyrissjóðsiðgjald og stéttarfélagsgjald innifalin í þeirri fjárhæð, er Hæstiréttur dæmdi. Einnig er óumdeilt, að útgerðarmaðurinn er ábyrgur fyrir þeim og yrði það áfram, enda þótt hann greiddi varnaraðila fjárnámskröfuna, þ. e. greiddi dómhafa dómskuldina samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Sóknaraðili, fjárnámsþoli, byggir dómkröfu sína um ógildingu aðfarargerðarinnar á því, að hann hafi, er fjárnámið fór fram, verið búinn að inna af hendi rétt og endanlegt launauppgjör, þ. e. halda eftir þeim launatengdu fjárhæðum, er honum bar að standa skil á til réttara aðila, og greiða launþeganum í peningum afganginn, rétta útborgunarfjárhæð launa, allt í samræmi við dóm Hæstaréttar.

Sóknaraðila hafi borið sem launagreiðanda að halda fé þessu eftir og skila því í hendur réttra aðila, sbr. 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, og 2. og 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Greiðslur skv. ofangreindum hæstaréttardómi séu skattskyldar. Beri sóknaraðili m. a. sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þessa fjár, sbr. 2. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981.

Meginmálsástæða launþega, gerðarbeiðanda, varnaraðila í máli þessu, er á hinn bóginn sú, að fyrir liggja lögmæt og endanleg aðfararheimild, dómur Hæstaréttar. Tildæmda fjárhæð beri dómþola að greiða dómhafa og engum öðrum með fullri krónutölu auk vaxta og kostnaðar. Enginn tölulegur ágreiningur sé um útreikning kröfunnar. Dómur Hæstaréttar hafi þær bindandi réttarverkanir, að dómþoli eigi rétt til fullnustu samkvæmt skýrum fyrirætlum í dómsorði. Dómþoli eigi þar ekkert val. Af þeim sökum skipti það engu máli, þótt dómhafi verði, þótt hann greiði launþega fjárhæðir tilgreindar í dómsorði, eftir sem áður ábyrgur fyrir þeim fjárhæðum, sem honum hefði borið að draga af launþega, ef rétt launauppgjör hefði farið fram á réttum tíma.

Jafnvel þótt ekki yrði fallist á fyrrgreinda röksemd, telur varnaraðili ótvírátt, að hafna beri kröfum sóknaraðila. Fyrir liggja endanlegur og bindandi dómur milli aðila um lyktir tiltekinnar lögskipta þeirra, sem gerst hafi fyrir hartnær fjórum árum. Með dómi Hæstaréttar hafi varnaraðila verið dæmdar skaðabætur vegna vanefnda sóknaraðila á vinnusamningi aðila. Dómsorðið feli þannig ekki í sér skyldu sóknaraðila til þess að greiða varnaraðila laun. Væri slíkt og óeðlilegt, þar sem réttarsamband aðila, sem stofnað hafi verið til með vinnusamningi þeirra, hafi verið slitið fyrir nær fjórum árum. Í þessu sambandi verði að líta til orðalags þeirrar lagaheimildar, sem sóknaraðili byggir á. Í 113. gr. 1. nr. 75/1981 segi orðrétt:

„Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila, sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr.“

Við almenna orðskýringu þessa ákvæðis sé augljóst, að ákvæðið eigi einungis við, á meðan vinnuréttarsamband sé enn á milli aðila, þ. e. á milli launþegans og vinnuveitandans. Þegar því réttarsambandi aðila lýkur, falli skylda vinnuveitanda samkvæmt ákvæðinu augljóslega niður. Þá beri og að líta til þess, er í texta laganna sé fjallað um greiðslu launa, að haldið sé eftir af kaupum. Sóknaraðili þessa máls hafi ekki verið dæmdur til að greiða varnaraðila kaup. Dómkrafan varði skaðabætur vegna ólögmætrar brott-

vikningar úr skiprúmi. Sú staðreynd, að nefndar skaðabætur kunni ef til vill að vera skattskyldar, sé sóknaraðila algerlega óviðkomandi.

Þá bendir varnaraðili á þá almennu reglu, að skuldari leysist ekki með því að greiða einhliða þriðja manni kröfu hans á hendur kröfuhafa sínum. Til svars við þessu vísar sóknaraðili til hins áður tilvitnaða ákvæðis í 113. gr. laga nr. 75/1981.

Álit réttarins.

Í forsendum margnefnds dóms Hæstaréttar frá 14. nóvember 1996 kemur fram, að hin tildæmda fjárhæð var þannig sundurliðuð:

1. Vangoldinn aflahlutur í veiðiferðum frá 17. júlí til 24. ágúst 1993	kr. 37.460
2. Kaupgreiðsla í uppsagnarfresti 10. nóvember 1993 til 10. febrúar 1994	– 316.126
	<u>Samtals kr. 353.586</u>

auk vaxta og málskostnaðar.

Samkvæmt þessu var með umræddum dómi einungis skorið úr um það, hvaða launafjánhæð varnaraðili ætti vangoldna hjá sóknaraðila, þar á meðal aflahlut og laun í uppsagnarfresti, en ekki verður séð, að fyrir dóminn hafi verið lagt að leysa úr því, hvort hin tildæmda launafjánhæð skyldi greidd með afbrigðilegum hætti, þ. e., hvort launagreiðandanum væri óskýlt að halda eftir þeim sköttum og gjöldum, sem mál þetta snýst um, og standa réttum innheimtuaðilum skil á þeim. Því verður ekki á það fallist með varnaraðila, að ágreiningsefnið í máli þessu sé dæmt mál.

Því er óhnekt, að sóknaraðili hafi haldið eftir þeim fjárhæðum skatta, lífeyrissjóðsgjalds og stéttarfélagsgjalds stefnanda, sem honum var lögskýlt, og staðið réttum innheimtuaðilum skil á þeim.

Samkvæmt þessu verða kröfur sóknaraðila teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst 100.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ógild skal vera fjárnámssgerð sýslumannsins í Keflavík, nr. 34/1997/00055, sem fram fór hjá sóknaraðila, Óskari Ingiberssyni, kt. 010723-4939, Njarðargötu 7, Keflavík, 12. febrúar sl. að kröfu varnaraðila,

3223

Arnar Hólm, kt. 220163-7849, Sunnubraut 21, Garði, í eignarhluta sóknaraðila í fasteigninni Njarðargötu 7, Keflavík, fyrir kröfu, að fjárhæð 170.255 kr.

Varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, að fjárhæð 100.000 kr.
